

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL

3350-003-FUN-114-V01

DAGS. / TÍMI FUNDAR

16.05.2019 / 10:00

NR. FUNDAR

114

VERKHEITI

114. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir (START)

VERKKAUPI

START hópurinn

FUNDAREFNI

1. Gögn ársins 2018 og staða skráningar
2. Stuðlar ársins 2018 og gögn til Orkustofnunar
3. Önnur mál

FUNDARGERÐ

IB / 17.05.2019

FUNDARBOÐARI

IJB

FUNDARSTAÐUR

RARIK

FUNDARMENN

Ragnar Stefánsson (RS)
 Benedikt Einarsson (BE)
 Gunnar Haukur Gunnarsson (GHG)
 Kjartan Rolf Árnason (KRA)
 Rán Jónsdóttir (RJ)
 Ingvar Júlíus Baldursson (IJB)
 Kolbrún Reinholdsdóttir (KR)
 Jónas Hlynur Hallgrímsson (JHH)

FYRIRTÆKI

Landsnet
 Veitur
 Norðurorka
 RARIK
 Orkustofnun
 EFLA
 EFLA
 EFLA

FJARVERANDI

Egill Sigmundsson (ES)
 Ragnar Emilsson (RE)
 Marínó Stefánsson

FYRIRTÆKI

HS-Veitur
 Orkubú Vestfjarða
 Rafveita Reyðarfjarðar

DREIFING

START hópurinn

FYRIRTÆKI

FUNDARSKJÖL

...

NÆSTI FUNDUR

17.10.2019 / 10:00

DAGSKRÁ OG EFNI FUNDAR

ÁBYRGÐ / ÁKVÖRDUN

Fundur START hópsins var að þessu sinni haldinn hjá RARIK.

1. Gögn ársins 2018 og staða skráningar

Árið 2018 var hagstætt ef miðað er við rekstrartruflanir veitufyrirtækja. Fyrstu mánuðir ársins 2019 hafa verið tíðindalítr og svipar til ársins 2018. Tengist þetta hluta til veðurfari. Skráning rekstrartruflana er með hefðbundnu sniði.

Eftir yfirllestur á skýrslum hjá EFLU var skráning lagfærð hjá fyrirtækjum. Leiðréttar skýrslur skiluðu sér frekar seint frá nokkrum dreififyrirtækjum. HS Veitur og Veitur voru síðastir að skila inn leiðréttum skýrslum.

BE nefndi að hjá Veitum hafa þeir verið að ástandsmæla strengi og með þeim aðgerðum hefur tekist að fækka truflanatilvikum.

RJ spyr um varaafli í Bolungarvík, hvort það dregur úr straumleysismínútum, RS segir svo vera.

Umræður um markmið raforkufyrirtækja vegna gæði raforku og afhendingaröryggis, RJ nefnir hvort það væri þörf að endurskoða þau.

KRÁ Ræðir um SMS og SAIDI. Þegar rætt er við starfsmenn erlendra veitufyrirtækja er SAIDI stuðull í mínútum, en hann er í klst. í stuðlaskýrslunni.

*(SAIDI: Tímalengd straumleysis á notanda (System Average Interruption Duration Index), TSN er í klst./notanda*ári.*

SMS: Stuðull um meðallengd skerðingar, straumleysismínútur).

Niðurstaða að KR skoðar hvort SAIDI eigi að vera í mínútum í stað klukkustunda.

2. Stuðlar ársins 2018 og gögn til Orkustofnunar

Drög að skýrslu „Stuðlar um afhendingu raforku, 2009-2018“ er komin til yfirlstrar hjá hópnum. KR fór yfir skýrsluna. Ef það koma ekki athugasemdir verður hún gerð aðgengileg á truflun.is.

3. Önnur mál

- a) IJB fór yfir tímanotkun ársins 2019. Í einhverjum tilvikum er sérgreind vinna komin umfram áætlun og var farið yfir ástæðu þess.
- b) JHH kom inn á fundinn og kynnti vinnu starfshóps um „Kostnað vegna skorts“. Vinnuhópurinn hefur haldið tvo fundi og er kominn með drög að tíma- og kostnaðaráætlun. Ef farið væri í öll verkefni væri kostnaður á bilinu 30-40 milljónir og eðlilegast væri að þetta væri unnið á 2-3 árum.
BE nefndi að ef færið væri í könnun í kjölfar rekstrartruflunarr væri það best ef það væri í höndum annarra en dreifiveitna að sjá um hana.

RJ Orkustofnun gætir hagsmuna neytenda og væri kannski eðlilegt að þeir sæju um þetta.

RS sagði að Landsnet leggði mikla áherslu á að það verði farið í þessa vinnu.

Vinna starfshópsins heldur áfram og munu þeir skila niðurstöðum sem hægt væri að taka fyrir á haustfundi START hópsins í október.

- c) IJB, vakti athygli á því að nýta snjallmæla til þess að safna upplýsingum vegna rekstrartruflana hjá notendum.

Fleira ekki gert. Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudag 17. október 2019, hjá EFLU.

Ingvar J. Baldursson

Gögn dreift fyrir fund:

„STUÐLAR UM AFHENDINGU RAFORKU. Árin 2009-2018“

Sýnt var en ekki dreift:

- Glærur: kynning á skýrslu: „Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 2009-2018“
- Glærur: kynning á vinnu vinnuhóps um kostnað vegna skorts: „Drög að verkáætlun fyrir hagræn málefni hjá Start hópi“

Verkefni

KR skoðar hvort SAIDI eigi að vera í mínútum í stað klukkustunda.

Niðurstaða:

KR: Bar þessa stuðla saman í mínútum fyrir veiturnar, og í flestum tilfellum er um sömu eða sambærilega niðurstöðu að ræða.

KR: skv. upplýsingum á netinu er þetta sitt á hvað, hvort notað er mínútur eða klukkustundir fyrir SAIDI stuðul.